

Mál nr. 213/2023

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Verktakar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. júní 2023, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 5. júlí 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að starfsmenn verktakafyrirtækisins X hafi verið að leggja gólfdukk í húseign M á tímabilinu 12.-13. apríl 2023. M kveðst ekki hafa verið í húseigninni á meðan starfsmenn X voru í húsínu en hinn 12. apríl 2023 hafi starfsmaður X rekið sig í krana í þvottahúsi þannig að opnast hafi fyrir hann og vatn lekið á borðplötu í þvottahúsinu. Þannig hafi vatn lekið þar til morguninn eftir þegar starfsmenn X hafi aftur mætt til vinnu. Í tölvupóstsamskiptum starfsmanns X og V kemur fram að starfsmaður X hafi „...rétt rekist utan í vask kranan – (ekki tengikrana úr vegg eða sambærilegt) með þeim afleiðingum að það dropaði úr vaskinum í langan tíma“. Einnig kemur fram í sömu samskiptum að X telur sig bera ábyrgð á tjóni M.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð vegna vatnslekans og bendir á að fagleg vinnubrögð hefðu verið að fara yfir húseignina áður en hún var yfirgefin til að ganga úr skugga um að allt væri í lagi. Það hafi ekki verið gert og á því beri X ábyrgð.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að sú háttsemi starfsmanns X, sem hafi rétt rekist í krana, sé ekki saknæm háttsemi og þannig beri X ekki skaðabótaábyrgð vegna tjóns M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sú háttsemi starfsmanns X að rekast í krana í þvottahúsi og gera ekki sérstakar ráðstafanir til að stöðva vatnsleka í kjölfarið sé saknæm háttsemi í skilningi sakarreglu íslensks skaðabótaréttar. Við mat á háttseminni verður að líta til þess að starfsmenn X voru einir við vinnu í húseign M, sem átti þess ekki kost að uppgötva vatnslekann áður en til tjóns kom. Verður að gera þær kröfur til starfsmanna verktakafyrirtækja sem sinna störfum sínum í húseignum annarra að þeir gæti sín þannig að ef þeir rekast í t.d. vatnskrana að þeir gangi úr skugga um að ekki geti hlotist tjón af því. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að þess hafi verið gætt nægilega vel og á þeirri saknæmu háttsemi ber X skaðabótaábyrgð. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 22. ágúst 2023.

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson